

2010

Þjóðarspegilinn

# Alþjóðlegir fólksflutningar á tímum efnahagslegs samdráttar

Unnur Dís Skaptadóttir

Félags- og mannvísindadeild  
Ritstjórar: Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir

Rannsóknir í félagsvísindum XI. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010

Ritrynd grein

Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

ISBN 978-9979-9956-6-1



HÁSKÓLI ÍSLANDS

# Alþjóðlegir fólksflutningar á tímum efnahagslegs samdráttar

Unnur Dís Skaptadóttir

Alþjóðlegir fólksflutningar, vegna vinnu, voru mikilvægir í uppgangi hnattræns kapítal-isma við upphaf 21. aldar. Á síðustu tíu árum jukust fólksflutningar og breyttu um farveg og að sama skapi margfölduðust peningasendingar til helstu upprunalanda í byrjun aldarinnar. Frá því kreppan skall á hefur samdráttur verið mikill í atvinnugreinum sem byggðu að miklu leyti á erlendu vinnuafli, svo sem í byggingaiðnaði, framleiðslu og þjónustu. Þessi þróun mála á við á Íslandi eins og annars staðar. Atvinnuleysi vegna efnahagsþrenginga hefur því ekki síst bitnað á fólki með erlent ríkisfang, fólki sem ekki hefur full réttindi í nýju landi. Vegna minnkandi atvinnu hefur víða dregið úr fólksflutningum og peningasendingum brottfluttra. Þó margir hafi snúið aftur til upprunalands síns í kjölfar minnkandi vinnu kjósa margir að vera um kyrrt, enda hefur hluti aðfluttra sest að á Íslandi. Auk þess gætir áhrifa efnahagskreppunnar mjög víða þar sem hún er hnattræn og því oft ekki um auðugan garð að gresja í upprunalandinu heldur.

Í þessari grein er fjallað um þessar breyttu forsendur fólksflutninga og breyttar aðstæður innflytjenda. Byrjað er á að skoða almennar breytingar á fólksflutningum í hnattrænu samhengi á tímum góðæris og í kjölfar efnahagssamdráttar, þar á eftir er sjónum beint að aðstæðum á Íslandi. Skoðað verður hvaða áhrif breyttar forsendur á íslenskum vinnumarkaði hafa á líf og möguleika innflytjenda.

Í þeim hluta greinarinnar sem snýr að Íslandi er byggt á niðurstöðum þriggja rannsóknarverkefna sem unnin hafa verið að á síðusta áratug. Þau eru *Mótun margbreytileikans á tímum hnattvæðingar*, sem unnið var að frá 2003 til 2007 og *Filippseyingar á Íslandi: þátttaka og samþættingarferli*, sem verið hefur í gangi frá 2008. Einnig er að einhverju leyti byggt á verkefninu *Samþætting eða Samlögun? Leiðir Pólverja til þátttöku í íslensku samfélagi*. Tvö síðarnefndu verkefni eru enn í vinnslu en eru langt komin.<sup>1</sup> Þessi þrjú rannsóknarverkefni eiga það sameiginlegt að þau byggja á eigindlegum rannsóknaraðferðum sem meðal annars hafa falið í sér viðtöl og þátttökuathuganir í á höfuðborgarsvæðinu og í nokkrum smærri bæjum. Í verkefninu *Mótun margbreytileikans á tímum hnattvæðingar* var talað fólk sem þurfti að sækja um atvinnuleyfi til að fá að starfa á Íslandi sem á þeim tíma komu frá Póllandi og öðrum Austur Evrópulöndum, Filippseyjum, Tælandi. Eins og heiti verkefnanna tveggja gefa til kynna snúa þau annars vegar að fólki frá Póllandi og hins vegar frá Filippseyjum. Í öllum þessum verkefnum felst enn fremur eigindleg innihaldsgreining á fréttáflutningi og greinaskrifum í helstu prentmiðlum landsins. Ástæða þess að niðurstöður þriggja rannsókna eru dregnar fram, í stað eins verkefnis, er að með því má fá betri innsýn í

---

<sup>1</sup> Verkefni *Mótun margbreytileikans á tímum hnattvæðingar* og *Filippseyingar á Íslandi. Þátttaka og samþættingarferli* voru styrkt af Rannsóknasjóði RANNÍS og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Verkefnið *Samþætting eða Samlögun? Leiðir Pólverja til þátttöku í íslensku samfélagi* er styrkt af EFTA Scholarship and Training fund. Ég vil þakka Helgu Ólafsdóttur og Álfrúnu Sigurgeirsdóttur MA nemum fyrir aðstoð við rannsóknir og yfirlstur.

breytingarferli og áhrif þeirra, bæði á fólk sem kemur frá löndum Evrópu og löndum utan hennar.

## Fólksflutningar um aldamót – hnattrént samhengi góðæris og kreppu

Miklir fólksflutningar vegna vinnu, bæði innan og milli ríkja, einkenndu alla 20. öldina en þeir jukust um aldamótin og sérstaklega undanfarinn áratug. Hreyfanleiki vinnuafli innan Evrópu hefur aukist vegna reglugerða sem leyfa fólk að sækja vinnu innan annarra ríkja Evrópusambandsins og á Evrópska Efnahagssvæðinu. Árið 2008 var metár hvað varðar fólksflutninga frá mikilvægum sendendaríkjum eins og til dæmis frá Filippseyjum en þaðan fluttu margir í leit að betri lífsafkomu (Martin, 2009). Allflestir sem ráðnir voru til vinnu erlendis á fyrsta áratugi þessarar aldar fengu störf í byggingaiðnaði, framleiðslu, þjónustu eða umönnun, en flestir við mannvirkjagerð (Martin, 2009). Lágir vextir ýttu undir þenslu í byggingaiðnaði og dró iðnaðurinn að sér fjölda karlmanna víða að úr heiminum (Martin, 2009). Þeir fluttu í stórum stíl til að vinna við mannvirkjagerð í löndum eins og Spáni, Grikklandi, Bandaríkjunum og Írlandi (Martin, 2009; Wilson, 2009). Konur fluttu helst til landa þar sem vinnu var að fá í þjónustu og umönnunarstörfum. Flutningar karla og kvenna voru því ólíkir hvað áfangastað og störf varðar (Koser, 2007; Mahler og Pessar, 2006; Skaptadóttir og Wojtynska, 2008a).

Fólksflutningar vegna vinnu hafa áhrif á líf þeirra sem verða eftir heima og hagnast á peningasendingum þeirra sem fara (Brettell, 2007; Guarnizo, 2003; Olwig og Sørensen, 2002; Vertovec, 2004). Martin (2009) bendir á að meiri aukning hafi orðið í peningasendingum en fólksflutningum frá síðustu aldamótum, sérstaklega rétt áður en kreppan skall á. Ný tækni auðveldar orðið peningasendingar á milli heimshluta. Með nýjum sendingaraðferðum má fá meiri yfirsýn yfir þær upphæðir sem sendar eru um heiminn en áður, þegar peningar voru sendir milli landa í umslagi með ættingjum. Samkvæmt Martin er áætlað að peningasendingar til svokallaðra þróunarríkja hafi aukist um 9% frá árunum 2007 til 2008. Tæpur helmingur af þessum peningasendingum fóru til landa í Asíu (Martin, 2009, bls. 672-674). Peningasendingar eru mikilvægar fyrir efnahag margra landa, til dæmis vógu þær 18% af vergri þjóðarframleiðslu El Salvador og 12% af vergri þjóðarframleiðslu Gvatemala árið 2008 (Wilson, 2009, bls. 588).

### Áhrif efnahagslegs samdráttar

Á árunum 2008 og 2009 fækkaði störfum á heimsvísu mest í fjórum atvinnugreinum: mannvirkjagerð, framleiðslu, fjármálaþjónustu og ferðamálatengdri þjónustu. Eins og áður kom fram eru þetta svið þar sem algengt er að erlent fólk sé ráðið til starfa, þó störfin séu ólík hvað menntunarkröfur varðar. Í mannvirkjagerð er algengt að fólk með iðnmenntun fái til starfa, í fjármálageiranum með háskólamenntun, en oftast eru litlar kröfur um menntun í þeim störfum sem bjóðast nýaðfluttum (Martin, 2009). Við upphaf kreppunnar voru uppsagnir á atvinnumarkaði tíðastar í byggingaiðnaði en það þarf ekki að koma á óvart þar sem kreppan gerði fyrst vart við sig innan þess geira. Þetta kom skýrt fram í Bandaríkjunum þar sem karlar frá spænskumælandi löndum er unnu í byggingarvinnu, sem voru annað hvort með tímabundin atvinnuleyfi eða án atvinnuleyfa, voru með þeim fyrstu til að missa vinnuna (Castles og Miller, 2010). Þegar efnahagssamdráttar í fjármálageiranum fór að gæta misstu einnig meira menntaðir innflytjendur innan banka, fjármála- og upplýsingafyrirtækja vinnunna, eða þurftu að setta sig við minni vinnu og lægri laun. Atvinnugreinar tengdar þjónustu í

ferðamannaíðnaði og ummönnun, þar sem konur hafa verið í meirihluta, hafa frekar brugðist við kreppunni með því að draga úr vinnutíma og endurskipuleggja áður en til uppsagna kemur. Atvinnuleysi hefur því ekki verið eins mikið innan þessara atvinnugreina (Martin, 2009).

### **Að fara eða vera?**

Enn er ekki komið í ljós hvaða áhrif núverandi efnahagslegur samdráttur mun hafa á alþjóðlega fólksflutninga til langs tíma. Áhrif á líf fólks eru mismunandi og margþætt og gætir bæði hjá þeim sem fóru til annarra landa að vinna og þeim sem eftir urðu í upprunalandinu. Efnahagskreppan hefur áhrif á möguleika fólks til flutninga og hvert hægt er að flytja en einnig á peningasendingar til heimalands. Fólk virðist ekki eiga jafn mikla möguleika og á öðum samdráttarskeiðum á að sækja atvinnu til annarra svæða. Í kjölfar staðbundinna kreppa undanfarinna áratuga dró úr fólksflutningum á ákveðna staði um leið og þeir jukust til annarra (Castles og Miller, 2010).

Í efnahagskreppunni á seinni hluta 20. aldarinnar sneri hluti fólks aftur til upprunalandsins og mörg Evrópulönd stöðvuðu atvinnuleyfi til fólks utan Evrópusambandsins, til að mæta vaxandi atvinnuleysi. Margir voru með tímabundin atvinnuleyfi og hefðu sennilega snúið til upprunalandsins hvort eð er en aðrir lögðu meiri áherslu á að fá fjölskylduna til sín, þar sem einnig var kreppa í upprunalandinu. Því má segja að á þessum tíma hafi fjölskyldusameining og móttaka flóttamanna hafi tekið við sem megin ástæða fólksflutninga til Evrópu. (Dobson, Latham og Salt, 2009). Núverandi kreppa er hnattræn og því er ekki auðvelt fyrir fólk að flytja sig frá samdráttarsvæðum til þenslusvæða. Margir kjósa því að bíða kreppuna af sér þar sem ástandið í heimalandinu er verra (Castles og Miller, 2010). Þeir sem eru aðeins með tímabundin atvinnuleyfi og hafa ekki áunnið sér réttindi í komulandinu eru líklegastir til að fara fyrstir. Þeir eiga ekki rétt á bótum og því er ekki líklegt að þeir verði um kyrrt í landinu ef enga vinnu er að fá.

Einstaklingar með ríkisborgararétt í löndum Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins eiga rétt á að leita sér að atvinnu innan aðildarlandanna og ávinna sér sama rétt og aðrir íbúar viðkomandi lands til atvinnuleysisbóta. Þeir geta alltaf snúið til baka þó þeir yfirgefi landið um tíma, sem gefur þeim ákveðið frelsi til að fara tímabundið og leita vinnu í heimalandinu eða annars staðar. Aftur á móti fara þeir sem koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins síður, þar sem atvinnuleyfi þeirra er oftast bundið við dvalarlandið og þeir geta fyrirgert rétti sínum til að snúa aftur, hafi þeir ekki verið nægilega lengi í landinu til að ávinna sér full réttindi. Þeir innflytjendur sem fluttust búferlum til að sameinast fjölskyldu sinni eru ólíklegir til að flytja í efnahagsþrengingum (Martin, 2009). Castles og Miller (2010) benda á að stærsti innflytjendahópurinn á síðustu árum innan OECD landanna sé ekki líklegur til að fara í kreppu, það séu einmitt þeir sem komu til að sameinast fjölskyldum sínum.

Í þeirri efnahagskreppu sem nú ríður yfir má víða sjá strangari innflytjendareglur en áður og að reglum sem fyrir voru sé beitt af meiri festu. Castles og Miller (2010) benda á að á tímum efnahagskreppu séu lönd líklegri til að auka landamæravörslu, beita strangari reglum til að draga úr flutningi fólks til landsins og senda af landi brott þá sem þar eru ólöglega. Þetta má m.a. sjá á Írlandi þar sem stjórnvöld hafa sett fram strangari reglur um réttindi þeirra sem koma frá löndum utan Evrópusvæðisins en þeirra sem koma frá löndum innan þess. Þannig urðu þeir sem komu frá löndum utan Evrópusvæðisins árið 2009 að sýna framá laun að lágmarki 30.000 Evrur til að fá atvinnuleyfi. Einnig var þeim var bannað að aka flutningabílum (Martin, 2009). Þá má jafnframt sjá nýjar heftandi aðgerðir í öðrum löndum. Árið 2008 buðu yfirvöld á Spáni

fólki frá ákveðnum löndum, utan Evrópusambandsins, greiðslu fyrir að yfirgefa landið með því skilyrði að það snéri ekki aftur næstu þrjú árin (Martin, 2009).

## Fólksflutningar og þensla á Íslandi

Undanfarna tvo áratugi hafa margir flust til Íslands vegna mikils atvinnuframboðs. Enda var erlent vinnuafli mikilvægur þáttur í efnahagsþenslunni hér á landi, líkt og annars staðar. Hlutfall innflytjenda af heildaríbúafjölda á Íslandi jókst mest á uppgangstímanum upp úr síðustu aldamótum. Í byrjun tíunda áratugarins fór að skorta fólk til starfa í fiskvinnslu vítt og breitt um landið en síðar síðar bar einnig á manneklu í þjónustu og framleiðslugreinum. Eftir aldamótin jókst að fólk væri ráðið erlendis frá í þjónustu og mannvirkjagerð. Flestir sem fluttust til Íslands í upphafi þessa tímabils komu með tímabundið atvinnuleyfi og hugðust snúa aftur til upprunalandisins er það rynni út. Þar sem mikla vinnu var að fá var frekar auðvelt að fá maka og aðra nána ættingja til sín, þeir fengu fljótlega vinnu og það sama á við um þá sem komu til að mennta sig á Íslandi (Skaptadóttir og Wojtynska 2008b). Innflytjendur voru 2,1% landsmanna árið 1996 en 8,1% árið 2008. Stærsti hluti þeirra, eða 76,8%, var fæddur í Evrópu. Pólverjar voru lang fjölmennastir, 11.575 manns, eða rúmur helmingur allra innflytjenda frá Evrópu. Innan við 15% allra innflytjenda komu frá löndum Asíu<sup>2</sup> (Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson og Helga Tryggvadóttir, 2009). Flestir þeirra sem fluttust til Íslands í byrjun 21. aldar voru á aldrinum 25 til 30 ára. Árið 2010 var 15% íbúa landsins á þessu aldursbili fæddir erlendis. Árið 2009 voru um 10% allra karla á þessum aldri fæddir í Póllandi og 8% kvenna (Hagstofa Íslands, e.d.-b). Vegna þess að fólksflutningar til landsins hafa að stórum hluta tengst vinnu hafa börn fædd erlendis verið hlutfallslega fá, eða aðeins um 2% allra barna, enda kjósa margir að skilja börnin eftir í heimalandinu (Hagstofa Íslands, e.d. -b).

Fram til ársins 2004 voru konur í meirihluta innflytjenda á Íslandi en þó konum héldi áfram að fjölga eftir 2005 fjölgaði körlum enn meira. Með byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álversins á Reyðarfirði fjölgaði karlmönnum í mannvirkjagerð gífurlega. Þetta má sjá í því að árið 2007 þegar framkvæmdir stóðu sem hæst var 9% starfandi fólks á Íslandi með erlent ríkisfang (Vinnuálastofnun, 2007). Árið 2001 voru kvenkyns innflytjendur 4,1% kvenna á Íslandi en karlkyns innflytjendur 3,1% karla. Árið 2008 voru karlkyns innflytjendur 8,9% af körlum en kvenkyns innflytjendur 7,2% af konum (Ólöf Garðarsdóttir o.fl., 2009).

Þó flestir hafi flust til Íslands vegna vinnu hafa flutningar, vegna náms eða fjölskyldusameiningar, aukist undanfarin ár. Þrátt fyrir að fólk hafi komið til Íslands til að vinna hafði stór hluti þess atvinnu í upprunalandinu áður en það kom til Íslands, því var atvinnuleysi ekki meginástæða flutninganna heldur leit að bættum kjörum. Nýleg rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, um viðhorf stærstu innflytjendahópa á Íslandi, sýnir að 84% svarenda höfðu verið í vinnu áður en þeir komu til Íslands (Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir, 2009). Í viðtölum og rannsóknarverkefnum umfjöllun þessi byggir á kemur einnig fram að megin ástæður flutninga hafa verið möguleikar á hærri launum en buðust í heimalandinu, möguleikinn á að senda peninga til heimalands og aðstoða

---

<sup>2</sup> Samkvæmt skilgreiningu Hagstofu Íslands er innflytjandi einstaklingur sem fæddur er erlendis og á foreldra sem báðir hafa erlendan bakgrunn

ættingja eða byggja upp betra líf þar í framtíðinni (Unnur Dís Skaptadóttir 2010; Skaptadóttir og Wojtynska 2008b).

Fólk frá löndum Evrópska efnahagsvæðisins þarf ekki að sækja um atvinnuleyfi áður en það kemur til starfa á Íslandi. Í maí 2006 fengu 8 aðildarlönd, sem gengu í Evrópusambandsið árið 2004, sama rétt - þar með talið Pólland. Fyrir þann tíma þurftu atvinnurekendur að sækja um atvinnuleyfi fyrir hönd starfsfólks frá þessum löndum áður en það kom til landsins. Árið 2006 voru veitt 2849 ný tímabundin atvinnuleyfi en þeim fækkaði í 538 árið 2007 þegar mestur fólksflutningur var til landsins. Framlengdum tímabundnum atvinnuleyfum fækkaði úr 2019 árið 2006 í 1937 árið 2007 og voru aðeins 85 árið 2009 (Vinnumálastofnun, 2010). Fólk sem kemur frá löndum utan Evrópu þarf enn að sækja um atvinnuleyfi, sem getur reynst torsótt þar sem íbúum frá Evrópulöndum er veittur forgangur á vinnumarkaði á Íslandi. Það býr við minni sveigjaleika og færri möguleika á að flytja, ef vinna minnkar, en þeir sem geta leitað að vinnu í öðrum Evrópulöndum.

### **Áhrif kreppu á Íslandi**

Eins og áður sagði, var helsta einkenni innflytjenda á Íslandi, um það leyti sem kreppan skall á, að stór hluti þeirra var nýkominn til landsins, þeir voru að mestu leyti frá Evrópu og á þeim aldri sem er virkur á vinnumarkaði. Eins og víða dró verulega úr allri mannvirkjagerð á Íslandi strax í upphafi efnahagssamdráttarins. Því voru karlar sem störfuðu í byggingaiðnaði fyrstir til að missa vinnuna. Í desember 2007 voru fáir úr byggingaiðnaðinum atvinnulausir, eða aðeins 18 af 143 skráðum atvinnulausum útlendingum. Í mars 2008 hafði atvinnulausum sem starfað höfðu við mannvirkjagerð fjölgað í 49 af 240. Í desember 2008 hafði þessi hópur hins vegar stækkað. Þannig voru 533 af 1270 atvinnulausum útlendingum einstaklingar sem starfað höfðu við mannvirkjagerð eða nærri helmingur. Voru atvinnulausir erlendir karlar því næstum þrefalt fleiri en atvinnulausar erlendir konur. Heildarfjöldi atvinnulausra var þá 8.982 einstaklingar. Í desember 2009 var heildarfjöldi atvinnulausra kominn uppí 15.329 - af þeim voru 1963 erlendir ríkisborgarar. Af þeim komu 626 úr mannvirkjagerð og næst flestir komu úr öðrum iðnaði eða 202 einstaklingar (Vinnumálastofnun, e. d.-b). Í maí 2010 voru að meðaltali 13.875 einstaklingar atvinnulausir Af þeim voru 2.338 erlendir ríkisborgarar (16,8%). Mikill meirihluti erlendra ríkisborgara sem voru atvinnulausir voru frá ríkjum Evrópu, þar af 1374 Pólverjar (59%). Rúmur helmingur þeirra hafði starfað í byggingaiðnaði (Vinnumálastofnun, e. d.-a; Vinnumálastofnun, e. d.-b).

Algengt hefur verið að líta svo á að fólk sem komið hefur til starfa snúi aftur til upprunalands síns og rými þannig fyrir íslensku starfsfólki. Eins og áður sagði kom margt fólk til Íslands í þeim tilgangi að starfa hér tímabundið. Stór hluti þeirra sem komu á síðustu tíu árum hefur snúið aftur til upprunalands síns eða annarra landa. Aðrir hafa sest að á Íslandi og enn aðrir hafa af ýmsum ástæðum ekki snúið til baka, þrátt fyrir áætlanir um stutta viðveru á Íslandi. Fyrst má nefna að fólk frá ríkjum Evrópusambandsins vinnur sér inn réttindi til atvinnuleysisbóta, á sama hátt og Íslendingar og að margir kjósa að nýta sér þann rétt í von um að finna annað starf á Íslandi. Einnig geta þeir sem eru frá ríkjum Evrópska efnahagsvæðisins verið á atvinnuleysisbótum héðan í þrjá mánuði og á meðan leitað sér að vinnu í Evrópu. Pólverjar gætu flutt rétt sinn til atvinnuleysisbóta með sér til Póllands, en bætur eru þar lægri og laun einnig. Þar sem atvinnuleysi í Póllandi er mikið hafa sumir þeirra, sem fóru til Póllands í atvinnuleit í byrjun kreppunnar, snúið aftur til Íslands. Líklega hafa margir séð að erfitt var að standa við efnahagslegar skuldbindingar, t.d. húsnæðislán eða aðrar skuldir á Íslandi, á atvinnuleysisbótum í Póllandi. Margir kusu því að fram-

lengja dvölinu á Íslandi í von um tilfallandi störf sem væru hærra launuð en störf í Póllandi.

Fólk með Filippseyskt ríkisfang á ekki kost á að fara til starfa eða flytja rétt sinn til atvinnuleysisbóta til annarra landa og hafa þeir sem ekki höfðu verið í þrjú ár á landinu því þurft að snúa til baka. Þeir eru þó ekki margir því fólk frá Evrópuríkjum hefur haft forgang á vinnumarkaði í um það bil fjögur ár. Því er fjölskyldusameining í auknum mæli ástæða flutninga Filippseyinga til Íslands. Þar sem efnahagsástandið er ekki ásættanlegt í Filippseyjum hafa þeir ekki mikið val um að fara eða vera og því leggja þeir sem hafa áunnið sér atvinnu- og búseturétt áherslu á að vera áfram á Íslandi og hafa áhuga á að fá fjölskyldu sína til sín.

Margt fólk frá Póllandi og Filippseyjum er fjárhagslega skuldbundið ættingjum heima fyrir. Þeir borga oft fyrir framhaldsnám barna eða annarra ættingja, fjármagna lækni meðferðir og styrkja foreldra sína fjárhagslega. Margir borga jafnvel af eigin fasteign í heimalandinu. Þar af leiðandi þurfa allmargir að senda hluta af lágum launum eða atvinnuleysisbótunum til fjölskyldu sinnar og þá er oft og tíðum ekki mikið eftir til daglegra nota á Íslandi. Því hafa sumir þeirra leitað aðstoðar hjá hjálparstofnunum. Í fjölmiðlum hefur komið fram umræða um einstæða erlenda karla sem leitað hafa aðstoðar hjá hjálparstofnunum vegna matar. Í viðtölum við Pólverja, sem ekki hafa verið lengi hér á landi og kunna ekki íslensku, hefur komið fram að sumir þeirra telja að matargjafir séu hluti af almennri aðstoð við atvinnulausa. Aðrir þurfa á þessari aðstoð að halda þar sem þeir ná ekki endum saman eftir að þeir hafa sent peninga heim, sem vegna gengisþróunar duga ekki lengur fyrir öllum skuldbindingum. Þróun gengisins hefur gert bæði þeim sem komu frá ríkjum Evrópu og utan hennar erfiðara um vik að aðstoða fjölskylduna í heimalandinu, þar sem þeir þurfa annað hvort að senda lægri upphæð en áður eða senda hærra hlutfall af launum sínum. Á sama tíma hefur matvælaverð á Íslandi og annar kostnaður hækkað og því hefur verið minna aflögu.

Frá því 2003 og til dagsins í dag má finna breytingar á viðhorfum til innflytjenda. Helsta breytingin átti sér stað á mesta uppgangstímanum en í efnahagsþrengingunum breyttust viðhorfin og þau urðu jafnvel meira útilokandi en fyrr. Á tímum útrásarinnar og svokallaðs góðæris blómstraði þjóðernishyggja og talað var um að Íslendingar gætu sigrað heiminn. Í kreppunni breyttist þessi þjóðernishyggja í áherslu á það sem stundum er kallað „góðu gömlu gildin“. Í því felst mikil áhersla á allt sem er íslenskt og íslenska framleiðsla - og má segja að sú umræða sé ef til vill meira útilokandi en fyrri þjóðernisumræða. Þegar góðærið stóð sem hæst voru víða litlar sem engar kröfur gerðar um tungumálakunnáttu eða annað þegar menn voru ráðnir í vinnu. Núorðið er mun algengara að krafa sé gerð um íslenskukunnáttu í flest störf. Í nýlegum viðtölum sem tekin hafa verið við fólk frá Filippseyjum og Póllandi tala nokkur þeirra um að þau verði vör við neikvæðari viðhorf og minna umburðalyndi gagnvart þeim en áður. Þrátt fyrir litla opinbera umræðu í fjölmiðlum, um stöðu innflytjenda á krepputímum, segjast þátttakendur í rannsóknum mínum finna fyrir breyttum viðhorfum á vinnustöðum og á almenningsstöðum. Einn viðmælandi komst þannig að orði: „Þeir kenna útlendingum um kreppuna. Þeir skilja ekki hvað við höfum lagt til uppbyggingarinnar og að við höfum verið að borga skattana okkar, og þeir skilja ekki að við verðum að senda fjölskyldum okkar peninga. Það er mjög erfitt að þurfa að snúa til baka og geta ekki lengur aðstoðað ættingjana sem treysta á mann.“ Annar viðmælandi svaraði þegar spurt var um hvort viðhorf hefðu breyst í kreppunni: „Það er erfitt að vinna þegar maður verður fyrir mismunun eða þegar fólk æpir á mann.“ Þrátt fyrir þessi neikvæðu viðhorf sem viðmælendur segjast finna fyrir er umræða um stöðu innflytjenda í fjölmiðlum, eftir að efnahagsþrengingar hófust, þó

ekki mikil. Samkvæmt Guðnýju Eydal og Guðbjörgu Ottósdóttur hefur umræðan á þessum tíma fyrst og fremst snúist um stöðu hælisleitenda án þess að minnst sé á efnahagskreppuna. Þær benda á að umræða um fólk sem hefur komið til Íslands vegna atvinnu sé nær eingöngu rædd í fjölmiðlum í tengslum við kreppuna og að höfuð áherslan sé á flóttu þess frá landinu (Guðný Eydal og Guðbjörg Ottósdóttir, 2009).

## Samantekt og lokaorð

Þegar við skoðum þær breytingar sem áttu sér stað á tímum þensluskeiðsins í upphafi aldarinnar og samdráttarins í kjölfars þess, má sjá að Ísland hefur fylgt sama mynstri og önnur lönd hvað innflytjendur varðar. Fólksflutningar jukust verulega og hafa aldrei verið meiri en rétt fyrir hrun. Meirihluti fólks á faraldsfæti fékk vinnu í byggingaiðnaði, framleiðslu, þjónustu eða umönnun, en flestir við mannvirkjagerð. Á síðustu árum fækkaði störfum í þeim atvinnugreinum sem helst ráða til sín erlent starfsfólk. Því misstu margir innflytjendur vinnuna og þurftu að setta sig við atvinnuleysi en atvinnuþátttaka þeirra var mjög há fyrir efnahagshrunið.

Í núverandi efnahagskreppu beita mörg lönd strangari innflytjendareglum, til að draga úr fólksflutningi til landsins. Innflytjendur er koma frá ríkjum utan Evrópu mæta enn hærri múrum en áður og sterkari hömlum, þar sem skortur á vinnuafli hefur minnkað. Á uppgangstímanum fengu innflytjendur hæglega vinnu en einnig reyndist auðsótt að fá til sín skyldmenni og útvega þeim störf. Stór hluti innflytjenda flutti einungis tímabundið til Íslands og hefur þegar snúið aftur til upprunalandins en margir hafa ekki hugsað sér til hreyfings, þar sem þeir fluttu til landsins vegna fjölskyldusameiningar. Aðrir hafa ekki kost á að snúa aftur sökum fjárhagslegra skuldbindinga og minni fjárráða eða vilja bíða af sér kreppuna. Helsti munur á þeim sem koma frá Evrópuríkjum og utan hennar er að fyrri hópurinn getur leitað að störfum í öðrum Evrópulöndum á meðan fólk sem kemur frá löndum utan Evrópu eiga þess ekki kost.

Þjóðernisordræðan eftir hrun er á vissan hátt meira útilokandi í dag en hún var á uppgangstímunum. Rannsókn mín sýnir að þrátt fyrir litla almenna umræðu um innflytjendur í fjölmiðlum verða innflytjendur nú varir við neikvæðara viðhorf í þeirra garð og jafnvel kröfu um að þeir yfirgefi landið. Þetta er í samræmi við það sem víða sést á tímum efnahagsþrenginga þegar skýrari mörk eru dregin milli þeirra sem taldir eru tilheyra þjóðríkinu og þeirra sem ekki eru álitnir gera það. Þegar harðnar í ári vill oft gleymast að innflytjendur eru fólk sem hefur lagt sitt af mörkum til þjóðarbúsins og áunnið sér réttindi á vinnumarkaði á sama hátt og aðrir landsmenn. Aukinheldur eru þeir á landinu undir sömu samningum og gera Íslendingum kleyft að sækja vinnu erlendis en margur landinn hefur nýtt sér þann kost í efnahagsþrengingunum.



## Heimildir

- Brettell, C. B. (2007). Theorizing migration in anthropology; The social construction of networks, identities, communities and globalscapes. Í C. B. Brettell og J. F. Hollifield (ritstjórar), *Migration theory: talking across disciplines* (bls. 97-136). New York: Routledge.
- Castles, S. og Miller, M. J. (2010). Migration and the global economic crisis: One year on. (Rafræn viðbót) Í S. Castles og M. J. Miller (ritstjórar), *The age of migration, international population movements in the modern world* (4. útgáfa). Sótt 1. ágúst 2010 af <http://www.age-of-migration.com/uk/financialcrisis/index.html>
- Dobson, J. Latham, A. og Salt, J. (2009). On the move? Labour migration in times of recession; What can we learn from the past? *Policy Network Paper*. Sótt 20. júlí 2010 af [http://policy-network.net/publications\\_list.aspx?Page=2](http://policy-network.net/publications_list.aspx?Page=2)
- Guarnizo, L. E. (2003). The economics of transnational living. *The International Migration Review*, 37(3), 666-699.
- Guðný Eydal og Guðbjörg Ottósdóttir. (2009). *Immigration and the economic crisis: The case of Iceland*. (Rannsóknarskýrsla nr. 4). Reykjavík: Þjóðmálastofnun Háskóla Íslands.
- Hagstofa Íslands. (e.d.-a). *Innflytjendur eftir kyni, ríkisfangi, fæðingarlandi og komuári 1996-2009*. Sótt 3. júní 2010 af <http://hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>
- Hagstofa Íslands. (e.d.-b). *Mannfjöldi eftir fæðingarlandi, kyni og aldri 1. janúar 1998-2010*. Sótt 3. júní 2010 af <http://hagstofa.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Rikisfang-Faedingarland>
- Koser, K. (2007). *International migration. A very short introduction*. Oxford: Oxford University Press.
- Mahler, S. J. og Pessar, P. R. (2006). Gender matters: Ethnographers bring gender from the periphery toward the core of migration studies. *International Migration Review*, 40(1), 27-63.
- Martin, P. (2009). Recession and migration: A new era for labor migration? *International Migration Review*, 43(3), 671-691.
- Olwig, K. F. og Sørensen, N. N. (2002). Mobile livelihoods: Making a living in the world. Í K. F. Olwig og N. N. Sørensen (ritstjórar), *Work and migration. Life and livelihoods in a globalizing world* (bls. 1-20). London: Routledge.
- Ólöf Garðarsdóttir, Guðjón Hauksson og Helga Tryggvadóttir. (2009). *Innflytjendur og einstaklingar með erlendan bakgrunn 1996–2008. Hag tíðindi, 1*. Reykjavík: Hagstofa Íslands.
- Skaptadóttir, U. D. (2010). Integration and transnational practices of Filipinos in Iceland. *E-migrinter*, 5, 36-45.
- Skaptadóttir, U. D. og Wojtyńska, A. (2008a). Gender migration from Poland to Iceland. Women's experiences. Í D. Golańska og M. Różalska (ritstjórar), *New subjectivities: Negotiating citizenship in the context of migration and diversity* (bls. 81-96). Lodz: University of Lodz Publishing House.
- Skaptadóttir, U. D og Wojtyńska, A. (2008b). Labour migrants negotiating places and engagements. Í J. O. Bærenholdt og B. Granås (ritstjórar), *Mobility and place. enacting northern European periphery* (bls. 115-125). Aldershot: Ashgate.
- Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir. (2009). *Innflytjendur á Íslandi. Viðhorfskönnun*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Vertovec, S. (2004). Migrant transnationalism and modes of transformation. *International Migration Review*, 38(3), 970-1001.

- Vinnumálastofnun. (e.d.-a). *Fjöldi atvinnulausra í lok mánaðar 2000-2010 - Eftir ríkisborgararétti*. Sótt 15. júlí 2010 af <http://www.vinnumalastofnun.is/utgefid-efni-og-talnaefni/tolulegar-upplýsingar/>
- Vinnumálastofnun. (e.d.-b). *Staða á vinnumarkaði- mánaðaskýrslur*. Sótt 5. júlí 2010 af <http://www.vinnumalastofnun.is/utgefid-efni-og-talnaefni/stada-a-vinnumarkadi--manadarskyrsla/>
- Vinnumálastofnun. (2007). *Erlent starfsfólk á íslenskum vinnumarkaði*. Sótt 25. júní 2010 af <http://www.vinnumalastofnun.is/utgefid-efni-og-talnaefni/annad-utgefid-efni/>
- Vinnumálastofnun. (2010). *Útgefin atvinnuleyfi og skráningar 2005 - 2010*. Sótt 3. júlí 2010 af <http://www.vinnumalastofnun.is/utgefid-efni-og-talnaefni/tolulegar-upplýsingar/>
- Wilson, T. D. (2009). Economic crisis and the decline of remittances to Mexico. *Anthropological Quarterly*, 82(2), 587-598.